



Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni : Battavöllur á Landakotstúni

Vísað er til bréfs formanns íbúaráðs Vesturbæjar til skipulags- og samgönguráðs, dags. 15. janúar 2021, vegna battavallar á Landakotstúni ásamt bréfi skólastjóra Landakotsskóla til borgarstjóra, dags. 16. desember 2017.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn skrifstofu framkvæmda- og viðhalds.

Samkvæmt samkomulagi kaþólsku kirkjunnar og Reykjavíkurborgar dags 21. mars 1978 fékk Reykjavíkurborg afnot að austurhluta Landakotstúns frá línu samsíða Kristskirkju og í 32 metra fjarlægð frá miðlínu kirkjunnar. Afnotin voru takmörkuð við að koma upp almenningskrúðgarði með aðstöðu til leikja. Skipulagning garðsins skyldi gerð í samráði við biskup eða hans fulltrúa. Samkomulagið fól í sér ótímabundna ráðstöfun á landi í eigu kaþólsku kirkjunnar til Reykjavíkurborgar.

16. desember 2017 barst erindi barst frá skólastjóra Landakotsskóla um byggingu upphitaðs battavallar á Landakotstúni.

Í kjölfarið óskað skrifstofa eigna og atvinnuþróunar eftir að deild frumathuganna og mannvirkjagerðar og skrifstofa framkvæmda og viðhalds létu landslagshönnuð vinna forhönnun og þrívíddarteikningu að gervigrasvelli tengdum núverandi opnu leiksvæði og gangstígum á Landakotstúni.

Deiliskipulag Landakotsreits var samþykkt í skipulagsráðidags 14.3. 2007 og gerir ráð fyrir útivistarsvæði og leiksvæði á svæði því sem tillagan tekur til.

Meðfylgjandi er tillaga teiknistofunnar Landmótunar.



Tillaga Landmótunar að upphituðum gervigrasvelli tengdum opnu leiksvæði og göngustígum á Landakotstúni

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hefur unnið frumkostnaðaráætlun fyrir ofangreinda tilögu, nákvæmni kostnaðaráætlunarinnar er + 30% / - 10%.

Kostnaðaráætlun fyrir upphitaðan gervigrasvöll, leiksvæði, setstalla og breytingu á gangstígum:

<i>Gervigrasvöllur og hellulögn í sama plani 1.060 m²</i>	<i>30.877.000</i>
<i>Snjóbræðsla gervigrasvallar 690 m²</i>	<i>7.300.000</i>
<i>Endurgerð leiksvæðis og aðliggjandi hellulögn 380 m²</i>	<i>15.552.000</i>
<i>Setstallar og göngustígar 260 m²</i>	<i>12.102.500</i>
<i>Hönnun, umsjón, eftirlit og ófyrirséð ~25%</i>	<i>22.168.500</i>
<i>Samtals</i>	<i>88.000.000</i>

Reykjavík 18. mars 2021

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri
á skrifstofu framkvæmda og viðhalds

**Bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar vegna battavallar á Landakotstúni**

Bréf

Málsnúmer: USK2021010098

Bréfalyklar: 3.8 Óbyggð svæði - græn svæði

Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 20.01.2021

Dagsetning skjals: 20.01.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Skjalalykill	3.8 Óbyggð svæði - græn svæði	Málsnúmer	USK2021010098
Móttökudags.	20.01.2021	Skráð í GoPro	20.01.2021

Viðtakandi	Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður	Nafn
	Kennitala:

Tegund skjals	Bréf	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Notandi: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Dagsetning: 20.1.2021 13:12:06

Til: "Glóey Helgudóttir Finnsdóttir" <Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is>, "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar vegna battavallar á Landakotstúni

Tilvísun í mál: R21010222

Með kveðju

Heimir Snær Guðmundsson

Starfsmaður íbúaráða

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/

Reykjavík's office of Human Rights and democracy

Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall

Netfang/Email: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is

Sími/Tel: +354 665 4855

Reykjavík, 20. janúar 2021

R21010222

Umhverfis- og skipulagsráð

Borgartúni 12-14

105 REYKJAVÍK

Efni:

***Bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar vegna
battavallar á Landakotstúni***

Á fundu íbúaráðs Vesturbæjar þann 16. desember 2020 fór fram umræða um battavöll á Landakotstúni, sbr. 5. liður fundargerðar sama dag. Jafnframt var samþykkt að fela formanni ráðsins að semja erindi til skipulags- og samgönguráðs með hvatningu um að málið yrði tekið upp. Í samræmi við þetta er bréfi formanns íbúaráðs Vesturbæjar hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst

Heimir Snær Guðmundsson

Hjálagt:

Bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar til skipulags- og samgönguráðs

Fylgiskjal - Bréf skólastjóra Landakotsskóla um battavöll



- Bréf formanns íbúaráðs Vesturbæjar_ battavöllur landakotstún.pdf



- Bref-skolastjori-landakotskola-biskup-battavollur.pdf

Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík, 15. janúar 2021

Vegna: "Battavallar" á Landakotstúni

Íbúaráð Vesturbæjar faldi formanni ráðsins að senda skipulags- og samgönguráði erindi þar sem hvatt er til að hannaður verði boltavöllur (battavöllur) á Landakotstúni. Í viðhengi er bréf frá skólastjóra Landakotsskóla þar sem beðið er um að ráðist verði í hönnunina. Samkvæmt okkar upplýsingum þá sér skólinn fyrir sér staðsetningu nálægt bílastæðinu á túninu milli Túngötu og Hólavallagötu. Beðið er um svör við því hvort að ráðið samþykki um að setja málið í ferli með það fyrir augum að fara í framkvæmdina.

Stjórn íbúaráðs Vesturbæjar er sammála því að þörfin í hverfinu er mikil og allt of fáir boltavöllir séu til staðar fyrir íbúa innan Hringbrautar. Gott væri að samnýta slíkan völl með Landakotsskóla.

með vinsemd og virðingu,



Birgir Jóhannsson, formaður Íbúaráðs Vesturbæjar



Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

Reykjavík, 16. desember, 2017.

**Erindi: uppbygging upphitaðs battavallar á eignarlóð Kapólsku kirkjunnar á Landakotstúni.
Á fundi með borgarstjóra í Landakotsskóla þann 20. nóvember sl. var honum tjáð ósk skólans um að koma upp battavelli á túninu.**

Kapólsku kirkjan á Landakotstún og hefur hún veitt viljrði sitt fyrir því að slíkur völlum yrði settur upp á lóðinni. Skólinn og kapólska kirkjan fara hér með fram á að í samráði við þessa tvo aðila verði könnuð staðsetning og möguleg uppsetning á slíkum velli.

Skólinn hefur lengi leitað leiða til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar í nágrenni hans og hafði því samband við þjónustumiðstöð hverfisins til að kanna hvort hagsmunir skólans og hverfisins gætu farið saman að þessu leyti. Í samtali við Hörð Heiðar Guðbjörnsson kom fram að aðstæður í hverfinu eru mun lakari en í mörgum öðrum hverfum og lengi hafi verið leitað eftir svæði til að koma upp battavelli. Slíkt svæði hefði hins vegar verið afar vandfundið. Á fundi skólastjóra, Ingibjargar Jóhannsdóttir og biskups kapólsku kirkjunnar, Davíð Tencer var honum tjáð ósk skólans um að bæta íþróttaaðstöðu og mögulegur vilji borgarinnar til að reisa battavöll sem íbúar hverfisins gætu einnig nýtt. Á fundinum tók biskup vel í þessa málaleitan og sagði að kirkjan veitti leyfi sitt. Leyfið yrði þó háð því skilyrði að kirkjan yrði með í ráðum við framkvæmdir og nýtingu vallarins. Kirkjan fer einnig fram á að gerður verði sérstakur samningur um battavöllinn, kostnað í tengslum við hann og annað sem máli skiptir.

Með upphituðum battavelli er ljóst að íþróttakennsla Landakotsskólans mun eflast til muna en ekkert íþróttahús er nú við skólann. Nú spila nemendur fótbolta á grasbala sem er nálægt inngangi inn í Kristskirkju. Á haustin breytist grasbalinn fljótt í moldarsvað sem nýtist illa og verður fljótt lýti á umhverfinu. Einnig fer illa saman að börn séu að leik svo nálægt kirkjunni þegar athafnir standa yfir. Túnið er nú illa upplýst og mörgum hefur þótt óárennilegt að ganga yfir túnið er að tekur að rökkva. Túnið og svæðið í kring er mikið notað af íbúum hverfisins og ferðamenn eru daglegir gestir á túninu allan ársins hring. Með bættri lýsingu og aukinni notkun er fyrirséð að túnið í heild verði öruggara svæði. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra að túnið sé öruggt og snyrtilegt.

Hér með er farið fram á borgin kanni möguleika á að setja upp upphitaðan battavöll á Landakotstúni og geri sérstakan samning við kirkjuna um völlinn. Farið er fram á að borgin beri allan kostnað við uppsetningu vallarins og sjái um viðhald en ljóst verði að skólinn hafi forgöngu um nýtingu vallarins á skólatíma. Farið er fram á að staðsetning verði könnuð í samvinnu við kirkjuna og skólann.

Með góðum kveðjum,

+ David B. Tencer
Davíð B. Tencer, Reykjavíkurbiskup

Ingibjörg Jóhannsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla